

Ályktun Hagsmunasamtaka heimilanna vegna tillagna félagsmálaráðherra um aðgerðir til leiðréttingar greiðslubyrði og aðlögun skulda heimilanna

Hagsmunasamtök Heimilanna
-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstöð samfélagsins



„Ef vér slítum í sundur lögin, slítum vér og í sundur friðinn“

Sættir og málamiðlun í deilum eru lykilhugtök í friðarboðskap þeirra bóka sem skrifaðar voru á mestu ófriðartímum þjóðarinnar, þegar kristni var tekin upp á landinu árið 1000. En hvernig skildu menn þess tíma hugtakið lög? Lög voru alls ekki lagabókstafurinn fyrst og fremst; lögin voru samfélagið sjálft, hin siðræna undirstaða, rétt hegðun gagnvart náunganum, heiðarleiki. Ef lögin voru slitin, ef samfélagið var brotið upp var ófriður skollinn á. Nú hafa þessi varnaðarorð Þorgeirs Ljósvetningagoða orðið að raunveruleika á okkar tímum, þegar ráðamenn þjóðarinnar hafa „slitið í sundur lögin.“

Sem frjálsir þegnar hefur almenningur í landinu kosið sér fulltrúa, sér jafna menn og konur, til að fara með hagsmunamál sín í stjórnslu og lykilstofnunum samfélagsins. Það er gert í því sjónarmiði að jafna stöðu þegnanna á milli, skapa jöfn skilyrði til búsetu og atvinnustarfsemi, jafnframt því að hlúa að uppbyggingu samfélagslegra þátta.

Undanfarin ár hefur þessi skilningur snúist allur á hvolf og þegnarnir eru farnir að þjóna samfélagsyfirbyggingunni og eru orðnir að þrælum fjármálastofnana. Ef skapa á skilyrði fyrir frjálsa þegna til að búa í þessu landi og byggja hér upp atvinnulíf til framtíðar verður að snúa þessum formerkjum aftur við og hlúa að grunnstöðum samfélagsins, þegnumum sjálfum, heimilunum í landinu.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna telur ljóst að alger forsendubrestur sé kominn upp í veðlánnum heimila, bæði hvað varðar verð- og gengistryggð lán, sem vegur verulega að fjárhagslegu sjálfstæði íslenskra heimila, grefur undan tilvist þeirra og fjárhagslegum framtíðarmöguleikum. Kynntar lausnartillögur félagsmálaráðherra ganga afar skammt til að bæta hag skuldsettra heimila og eru eingöngu til þess fallnar að skapa tímabundna aukna greiðslugetu, en tekur alls ekki á rót vandans, né heldur forðar frekara fjárhagstjóni heimilanna.

Forsendur endurreisnar eru að leiðréttingar á stöðu mála eigi sér stað tafarlaust og í framhaldi sameinist hagsmunaaðilar og stjórnvöld um endurmótun og þróun kerfis með það að leiðarljósi að ábyrgð í lánveitingum verði framvegis deilt af meira jafnræði milli lánveitenda og lántaka. Jafnframt og samtímis verði hafist handa við að snúa ógnvekjandi skuldastöðu heimilanna við í stað þess að skjóta vandanum á frest. Skuldsetning íslenskra heimila er ein sú mesta í heimi og verður að taka á tafarlaust, til að forða hér samfélagshruni og upplausn.

[Samfélagssáttmáli Hagsmunasamtaka heimilanna](#)

Tillögur félagsmálaráðherra

Félagsmálaráðherra hefur lagt fram þrípætta tillögu um aðgerðir vegna fjárhagsvanda heimilanna:

1. Almenn leiðrétting - aðgerðir til að lækka greiðslubyrði
2. Sértek skuldaaðlögun - samræmt verklag fjármálastofnana
3. Endurbætt opinber greiðsluaðlögun

Í glærukynningu á aðgerðunum segir, að mikilvægi aðgerðanna felist í því að endurskipulagning skulda sé forsenda fyrir viðreisn efnahagslífsins, afstýra þurfi félaglegum vanda með því að tryggja að öryggisnetið nái til allra, aðgerðirnar séu tímabærar og réttar og þær bjóði tækifæri fyrir alla til að endurskipuleggja fjármál sín á skynsamlegan hátt.

Markmið með almennu aðgerðunum er að létta greiðslubyrði fólks, leiðrétt misgengi lána, launa, verðlags og gengis krónunnar, gera sem flestum kleift að standa í skilum, eyða óvissu, gæta jafnræðis, hófsemi og sanngirni og stuðla að sátt í samfélaginu. Þeim er beint að heimilum sem ennþá hafa veðrymi á eignum sínum, en margir hverjir eiga í erfiðleikum með afborganir lána sinna vegna þyngri greiðslubyrði. Þessum hópi má skipta í tvennt og eru úrræðin eftir því. (Hver og einn lántakandi getur verið í öðrum eða báðum hópum.) Fyrri hópurinn er með verðtryggð lán, hvort heldur húsnæðislán eða bílalán. Fyrir hann er ætlunin að lögleiða greiðslujöfnunarvísitöluna án þess að lengja meira en í 3 ár í lánum. Hugmyndin er að stilla greiðslu lánanna við þá upphæð sem greidd var á janúar gjalddaga 2008 og síðan leiðrétt hana með tilliti til greiðslujöfnunarvísitölu. Þetta mun hafa í för með sér um 13% lækkun greiðslu miðað við síðasta gjalddaga. Greiðslur munu síðan fylgja þróun greiðslujöfnunarvísitölu, þar til annað tveggja gerist, að lánið er uppgreitt eða að lánstíminn er liðinn. Fólk verði ekki þvingað til að fara þessa leið, en verði að segja sig frá ferlinu, þ.e. greiðslujöfnun verðtryggðra lána verði sjálfgefna leiðin. Seinni hópurinn er með lán sem eru gengisbundin að hluta eða öllu leiti. Sé einhver hluti lánanna verðtryggður mun hann meðhöndlaður eins og hjá fyrri hópnum. Afborganir gengisbundna hlutans verði í upphafi (frá og með 1.11.09) miðaðar við gengi 2. maí 2008, en taka eftir það breytingum í samræmi við þróun greiðslujöfnunarvísitölu. Greitt verði af lánum, þar til annað hvort þau eru uppgreidd eða í allt að 3 ár umfram upphaflegan lánstíma. Þetta er talið leiða af sér að fyrsta greiðsla samkvæmt þessari aðferð lækkar um 40% frá næstu greiðslu á undan. Hugmyndin er að þetta sé valfrjálst, þ.e. lántakandinn verður að óska eftir því að færa lánin sín yfir í þetta fyrirkomulag.

Sértekum aðgerðunum er ætlað að ná til hóps um 4-5 þúsund lántakenda sem eru komnir í verulegan vanda, en bankarnir telja sig geta unnið með án þess að fara leið fullnustuaðgerða. Markmið þeirra er að gera heimilum kleift að laga eignir og skuldir að greiðslugetu, forða sem flestum frá greiðsluerfiðleikum, setja lánveitendum skýrar leikreglur (samræmdar) um skuldaaðlögun, gæta jafnræðis og sanngirnis og koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot. Þessi leið hefur ekki verið útfærð ennþá, en ætlunin er að bjóða upp á hraðvirka leið milli kröfuhafa og skuldara til að leysa vandann. Lánveitandi verður, þegar þessi leið er farin, að viðurkenna tapaðar kröfur og skuldarar að sætta sig við einhverjar breytingar á högum sínum. Þessi leið er hugsuð fyrir fólk með of þunga greiðslubyrði til þess að almenn úrræði dugi, fólk með yfirveðsettar eignir og/eða með fleiri en eina eign.

Breytingum á greiðsluaðlögunarlögunum er ætlað að skera ýmsa vankanta af lögunum og ferlinu. Markmiðið er að gera kerfið markvissara, manneskjulegra og að tryggt sé að allir sitji við sama borð sem velja þessa leið.

Forsendur álits Hagsmunasamtaka heimilanna

Hagsmunasamtök heimilanna hafa tekið tillögur félagsmálaráðherra til ítarlegrar skoðunar. Samtökin telja að margt sé vel gert í þessum tillögum en annað missi gjörsamlega marks, hafi ætlunin verið að leiðrétt þann órétt sem heimilin hafa verið beitt undanfarin ár. Samtökin vilja minna á, að fjármálafyrirtæki unnu í mörg ár leynt og ljóst gegn hagsmunum

viðskiptavina sinna. Var það gert með stöðutöku gegn hagsmunum viðskiptavinanna, með því að bjóða þeim lán sem samtökin meta ólögleg, þrýsta á fólk að taka þessi ólöglegu lán eða fjárfesta í verðbréfum sem fyrirtækin máttu vita að voru ótraust, beita hugsanlegri markaðsmisnotkun til að véla með verð hlutabréfa og svona mætti lengi telja. Auk þess tóku fjármálafyrirtækin þátt í áhættusömum útlánum til eigenda sinna og skúffufyrirtækja hér á landi og erlendis, þar sem oft var, að því virðist, lítið hirt um að trygg veð væru að baki lánunum. Jafnframt stunduðu fyrirtækin áhættusamar fjárfestingar, oft í óskráðum félögum sem virtust byggð á loftbólum. Líkja má aðgerðum fjármálafyrirtækjanna við að þau hafi spilað rússneska rúlettu með fjöregg þjóðarinnar. Allt þetta leiddi af sér óstöðugleika í íslenska hagkerfinu.

Innkoma Kaupþings, Glitnis og Landsbankans á íbúðalánamarkað haustið 2004 var fyrsta skrefið í að skapa þennan óstöðugleika. Þá var í fyrsta skiptið boðið upp á húsnæðislán sem ekki voru fjármögnuð fyrirfram yfir allan lánstímann. Bankarnir buðu hverjum sem vildi lán á hagstæðum kjörum til langs tíma með ákvæði um endurskoðun vaxta eftir um 5 ár, án þess að vita hvaða vaxtakjör yrðu í boði þegar að þeim tímapunkti kæmi. Boðið var upp á allt að 100% fjármögnun við fasteignakaup. Varð þetta til þess að íbúðarverð hækkaði mjög hratt og húsnæðisbóla myndaðist. Samhliða þessu voru byggðar upp miklar, en falskar væntingar til efnahagslegra framfara sem varð til þess að gengi krónunnar styrktist mikið. Jafnframt hófu fyrirtækin að bjóða lán tengd við dagsgengi erlendra gjaldmiðla, en slík lán eru ólögleg samkvæmt gr. 13 og 14 í lögum nr. 38/2001 um vexti og verðbætur. Með þessu voru bankarnir að undirbúa jarðveginn fyrir það sem verður að teljast ein mesta eignaupptaka í 65 ára sögu íslenska lýðveldisins, þ.e. að færa meira og minna allt íbúðarhúsnæði landsmanna frá réttmætum eigendum, þ.e. húsnæðiseigendum, til lánastofnana. Þetta var gert með því að taka stöðu gegn íslenska hagkerfinu. Sú stöðutaka endaði á því að krónan féll með stæl í mars 2008. Á örfáum dögum hrundi gengi krónunnar með dyggri aðstoð íslenskra fjármálafyrirtækja, eftir því sem okkur hjá Hagsmunasamtökum heimilanna er tjáð. Þetta leiddi til mikillar hækkunar á höfuðstól hinna ólöglegu gengistryggðu lána. Önnur afleiðing var mikil hækkun á vísitölu neysluverð sem hafði bein áhrif á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána. Fall krónunnar og hækkun vísitölu neysluverðs hafði mjög jákvæð áhrif á efnahagsreikning fjármálafyrirtækjanna, en hvert fyrirtækið á fætur öðru birti vægast sagt hagstæðar afkomutölur fyrir 1. og 2. ársfjórðung síðasta árs. Ef fjármálamarkaðurinn hefði ekki fallið á eigin bragði í byrjun október 2008, þá hefði mátt búast við að sjá ennþá hagstæðari afkomutölur fyrir 3. og 4. ársfjórðung. Fyrirtækin féllu hins vegar hvert um annað þvert og tóku krónuna með sér í fallinu með tilheyrandi verðbólgu og hækkun höfuðstóls verðtryggðra og gengistryggðra lána.

Almennar aðgerðir

Leiðrétting á höfuðstól lána

Hagsmunasamtök heimilanna hafa gert þá kröfu að leiðrätt verði sú hækkun á höfuðstóli húsnæðislána sem fjárglæfrar fjármálafyrirtækjanna orsökkuðu. Samtökin telja furðulegt, að lántakendur skuli eiga að bera tjón sitt að fullu, eins ráðherra gerir ráð fyrir í tillögum sínum. Húsnæðiseign er algengasta og víðfeðmasta sparnaðarform íslenskra heimila. Meðan innstæður heimilanna voru eitthvað á bilinu 600-650 milljarðar um síðustu áramót var eign landsmanna í húsnæði um 2.900 milljarðar með eigið fé upp á 880 milljarða, sem þá hafði rýrnað um þriðjung á einu ári vegna hækkunar á höfuðstól lánanna. Það er því ljóst að sá sparnaður fólks sem liggur í húsnæði þess, er ákaflega mikilvægur fyrir sparnað í þjóðfélaginu. Þessu virðast stjórnvöld ekki átta sig á. Á meðan innstæður í íslenskum bönkum voru varðar upp í topp með því að færa þær framfyrir í kröfuröð við setningu neyðarlaganna 6. október 2008, þá ákváðu stjórnvöld að fórna stórum hluta sparnaðar fólks í húseignum sínum með því að samþykkja stórfelldan flutning þess sparnaðar frá lögmætum eigendum til fjármálafyrirtækjanna sem mörg hver tóku þátt í að grafa undan hagkerfinu.

Með tillögum félagsmálaráðherra, sem birtar voru 30. september 2009, er ráðherra að staðfesta þessa eignarupptöku hjá öllum þeim heimilum sem geta eingöngu nýtt sér þær almennu aðgerðir sem boðaðar eru í tillögunum. Hagsmunasamtök heimilanna geta alls ekki fallist á slíka staðfestingu og munu berjast gegn fyrirhugaðri eignaupptöku með öllum tiltækum ráðum.

Með því að viðurkenna þessa eignaupptöku, er félagsmálaráðherra að binda fjölmarga áttthaga- og íbúðafjötrum. Fólk mun ekki geta fært sig til, hvorki farið í stærra húsnæði né minnkað við sig um ókomna framtíð. Veðsetning húsnæðisins mun koma í veg fyrir það hjá stórum hluta landsmanna, fyrir utan þá gríðarlegu eignarýrnun sem ráðherra er að leggja blessun sína yfir. Hagsmunasamtök heimilanna mótmæla harðlega þessari ákvörðun félagsmálaráðherra og hvetja hann til að endurskoða hana. Samtökin hvetja ráðherra jafnframt til að vinna með fulltrúum lántakenda að lausn sem lántakendur geta sæst á.

Hagsmunasamtök heimilanna telja sig hafa lagt fram sanngjarnar og réttmætar kröfur hvað varðar leiðréttingu á höfuðstóli húsnæðislána. Ýmsir aðilar hafa kynnt fyrir samtökunum, og að því við best vitum einnig fyrir ráðherra, ýmsar hugmyndir varðandi hvernig útfæra megi leiðréttinguna, þannig að hún verði sem minnst íþyngjandi fyrir skattgreiðendur. Skora samtökin á ráðherra að taka þær hugmyndir til vandlegrar skoðunar.

Skammtímagreiðslubyrði verðtryggðra lána

Hagsmunasamtök heimilanna fagna því að fara eigi í leiðréttingu á greiðslubyrði húsnæðislána. Samtökin telja þó að sú útfærsla sem felst í tillögum félagsmálaráðherra bæði ganga of stutt og vera of flókin. Greiðslujöfnunarvísitalan, sem nota á sem sjálfgefið úrræði, er óskiljanleg fyrir flesta. Hún er fundin út frá launavísitölu og atvinnustigi og er grunnstillt við 100 miðað við stöðu þessara þátta 1. nóvember 2008. Hún var síðan bakreiknuð til 1. janúar 2008 og telst þá hafa verið 93,0 stig, en í maí sama ár var hún 96,1 stig. Greiðslujöfnunarvísitala fyrir október 2009 er 95,1 stig.

Greiðslujöfnunarvísitala er skilgreind í lögum nr. 63/1985 samkvæmt breytingum sem samþykkt voru með lögum nr. 133/2008. Samkvæmt 6. gr. laganna er greiðslujöfnunarvísitala skilgreind sem hér segir:

„Með greiðslujöfnunarvísitölu sem beitt er við framreikning greiðslumarks, sbr. 5. gr., er átt við sérstaka vísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir mánaðarlega. Skal hún vera samsett af launavísitölu, sbr. lög um launavísitölu, sem vegin er með atvinnustigi. Við útreikning greiðslujöfnunarvísitölu skal launavísitala sú sem Hagstofan birtir í mánuði hverjum vegin með atvinnustigi sama mánaðar og skal hún gilda við útreikning greiðslumarks lána. Með atvinnustigi í mánuði er átt við hlutfall sem miðast við 100% að frádregnu atvinnuleysi í hlutfalli af vinnuafli í viðkomandi mánuði samkvæmt uppgjöri Vinnumálastofnunar.“

Og í síðustu grein laganna segir:

„Hagstofa Íslands skal reikna út greiðslujöfnunarvísitölu frá og með janúar 2008 í samræmi við ákvæði 6. gr. laga þessara. Hagstofa Íslands skal ákveða og birta opinberlega hvernig þessi vísitala er reiknuð út og tengja hana launavísitölu til greiðslujöfnunar.“

Ekki er beint hægt að segja, að greiðslujöfnunarvísitalan sé auðskiljanlegt eða gagnsætt fyrirbrigði. Þarna er t.d. óskiljanleg tvöföld tilvísun, þ.e. greiðslujöfnunarvísitalan skal vera samsett af launavísitölu og vegin atvinnustigi og síðan skal Hagstofan reikna hana út og tengja við launavísitölu. Það er eins og löggjafinn hafi ekki skilið þetta fyrirbrigði eða hvernig það er fundið út. Fyrir utan að á vef Hagstofu Íslands er hvergi birt opinberlega

„hvernig þessi vísitala er reiknuð út“. Hagstofan birtir bara almennan texta og síðan útreiknaða greiðslujöfnunarvísitölu. Hér er því á ferðinni enn ein flókna fjármálaafurðin, sem ekki er nokkur möguleiki að almenningur geti skilið. Gera samtökin alvarlega athugasemd við þessa aðferðafræði og telja hana vera til þess fallna að slá ryki í augu fólks.

Þau dæmi sem félagsmálaráðherra notaði í kynningu sinni voru ákaflega ruglingsleg, þar sem þau sýna ekki greiðslubyrðina eins og hún var 1. janúar 2008. Gefið er upp að mánaðarleg greiðsla af 10 m.kr. láni með 4,15% vöxtum, sem tekið var 1.7. 2007, hafi verið kr. 42.700 í upphafi (líklega 1.8. 2007). Þessi greiðsla hafi verið komin í kr. 54.800 1.10. 2009 og lækki í kr. 45.600 1.11. 2009 vegna áhrifa af greiðslujöfnuninni. Þetta er lækkun upp á 16,8%. Ef taka á svona útreikninga alvarlega og trúanlega, þá er grundvallarskilyrði að forsendur útreikninganna fylgi.

Það er þó ekki þessi upphafslækkun eða stilling við greiðslujöfnunarvísitölu í janúar 2008 sem Hagsmunasamtök heimilanna setja spurningu við. Fyrst skal nefna að atvinnuleysi í nóvember 2008 var 3,3% sem var mesta atvinnuleysi frá því í maí 2004. (Vissulega gæti verið að atvinnustig í október 2008 sé notað, en það breytir ekki öllu.) Annað er að breytingar á launavísitölu hafa sýnst vera ótrúlega furðulegar. Launavísitalan virðist ekki ná utan um hina miklu kjaraskerðingu, sem fólk er að verða fyrir. T.d. hefur hún nær undantekningarlaust sýnt hækkun milli mánaða, þrátt fyrir mikla fjölgun fólks á atvinnuleysissskrá eða breytingar á starfshlutfalli. Kannski er skýringin að launavísitala tekur ekki tillit til tekjubreytinga sem verða við það að fólk fari af vinnumarkaði og færist á atvinnuleysisbætur og mæli bara laun í samræmi við starfshlutfall. Þetta tvennt er engu að síður aukaatriði samanborið við næsta atriði. Síðustu 20 ár, frá ágúst 1989 til ágúst í ár, mælist hækkun launavísitölu 234,5% meðan hækkun vísitölu neysluverðs var 170%. Þarna er umtalsverður munur sem bendir til þess, að ekki standi til að afskrifa eitt eða neitt. Meðan höfuðstóll lánanna mun hækka í samræmi við vísitölu neysluverðs, þá hækkar mánaðarleg greiðsla að öllum líkindum mun hraðar þegar hún fylgir greiðslujöfnunarvísitölunni. Það verður því ekki langt að bíða að greiðslur framreiknaðar samkvæmt greiðslujöfnunarvísitölu verða orðnar hærri en greiðslur samkvæmt upprunalegum skilmálum lánanna. Samkvæmt þjóðhagsáætlun er reiknað með að mesta atvinnuleysið gangi yfir á tveimur árum og atvinnustig verði komið í eðlilegt horf 2012-13. Á þessum árum má einnig búast við að launafólk verði byrjað að vinna upp tapaðan kaupmátt krepputímabilsins. Það mun leiða til þess að greiðslujöfnunarvísitalan mun hækka á tvöföldum hraða, þar sem báðir reikniþættir hennar eru á hraðri uppleið.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa stillt upp tveimur dæmum sem lýsa hugsanlegri þróun greiðslujöfnunarvísitölu og vísitölu neysluverðs. Í öðru dæminu er gert ráð fyrir vísitöluþróun sem greint var frá við kynningu fjárlaga, þ.e. að atvinnuleysi næði hámarki á næsta ári og atvinnustig fari batnandi eftir það, auk þess sem launahækkanir verði hóflegar. Í hinu dæminu er viðsnúningurinn látinn verða hraðari. Niðurstöðurnar eru birtar í eftirfarandi töflum og koma í þeim fram breyting á vísitöluneysluverðs (VNV), breyting á greiðslujöfnunarvísitölu (GJV), þróun greiðslu miðað við að greitt sé í samræmi við þróun VNV (staða 31.12. ár hvert) og þróun á greiðslu miðað við GJV (staða 31.12. ár hvert). Ekki er gerð tilraun til að lýsa þróun höfuðstóls. Upphafsgildin á greiðslum eru í samræmi við þá fullyrðingu ráðherra að greiðsla 1.11.2009 samkvæmt greiðslujöfnunarvísitölunni sé 13% lægri en greiðslan 1.10. samkvæmt eldra kerfi. (100 er 87% af 115.)

Dæmi 1:

	Breyting	Breyting	Greiðslur	Greiðslur
	á VNV	á GJV	skv. VNV	skv. GJV
Upphafsgildi			115	100
2009	2%	-0,5%	116,5	99,5

2010	5%	-2%	120,4	97,5
2011	2,50%	4%	122,4	101,4
2012	3%	4%	124,9	105,5
2013	3%	5%	127,4	110,7
2014	3%	5%	129,9	116,3
2015	3%	6%	132,5	123,3
2016	3%	6%	135,2	130,6
2017	3%	7%	137,9	139,8

Þrátt fyrir 13% mun á upphafsgildunum tveimur, þá með hóflegri breytingu á greiðslujöfnunarvísitölunni tekur það rétt um 8 ár fyrir mánaðarlegar greiðslur skv. greiðslujöfnunarvísitölunni að ná greiðslunum sem núverandi lánasamningur felur í sér. Eftir það er mismunurinn notaður til að greiða niður það sem safnaðist upp vegna lægri greiðslna áður.

Ef hagkerfið réttir hraðar úr kútnum, þá lítur myndin svona út.

Dæmi 2:

	Breyting á VNV	Breyting á GJV	Greiðslu skv. VNV	Greiðslur skv. GJV
Upphafsgildi			115	100
2009	2%	-0,5%	116,5	99,5
2010	5%	-2%	120,4	97,5
2011	2,50%	8%	122,4	105,3
2012	4%	8%	125,7	113,7
2013	5%	7%	129,9	121,7
2014	5%	7%	134,2	130,2
2015	4%	6%	137,8	138,0
2016	4%	6%	141,5	146,3
2017	5%	6%	146,2	155,1

Nú tekur ekki nema tæp sex ár fyrir greiðslur skv. greiðslujöfnunarvísitölunni að ná greiðslunum eftir eldri aðferð.

Gagnrýni samtakanna á þessa aðferð er því tvíþætt. Samtökin telja aðferðina allt of flókna til að bjóða fólki upp á hana og að tilgangur hennar sé að tryggja að engin leiðrétting skulda heimilanna komi til. Samtökin sjá alveg þann kost við tillögu ráðherra, að greiðslubyrðin mun léttast strax 1. nóvember samkvæmt þessari leið, en sjá það fyrir að þetta sé svikalogn og stormurinn sem fylgir gæti orðið mörgum erfiðari en hamfarir undanfarinna mánaða.

Hagsmunasamtök heimilanna vilja ítreka kröfu samtakanna um að sett verði afturvirk 4% þak á hækkanir höfuðstóls verðtryggðra lána. Við teljum að það sé sanngjörn og réttlát leið til að leiðrétta þann misrétt sem heimilin voru beitt í aðdraganda kreppunnar og þau hafa þurft að súpa seyðið af síðast liðið ár eða svo. Samtökin telja að með því náist að kveikja aftur greiðsluviljann hjá fólki og gefa því von um bjartari tíma. Með slíkri aðgerð mun auk þess einhver von myndast um að eðlileg fasteignaviðskipti geti átt sér stað. Vissulega verði skorið eitthvað ofan af höfuðstóli lánanna, en samtökin efast ekki um að finna megí leið til að forða því að sá kostnaður lendi á ríkinu/skattgreiðendum. En eitt er alveg á hreinu, ef þeir sem eru með hugmyndirnar fá aldrei sæti við borðið, þá koma engar lausnir.

Skammtímagreiðslubyrði gengistryggðra lána

Ráðherra leggur til að greiðslubyrði gengistryggðra lána verði miðuð við greiðslubyrðina sem var 2. maí 2008. Eftir það fylgi mánaðarlegar greiðslur greiðslujöfnunarvísitölunni líkt og með verðtryggðu lánin. Hér vakna ýmsar spurningar, sem ekki er svarað í kynningarefni ráðherrans. Er verið að tala um greiðsla höfuðstólshluta lánanna verði sú sama og 2. maí 2008 eða er það heildargreiðslan? Þetta skiptir nefnilega sköpum. Það getur verið, að ekki allir átti sig á því, að LIBOR vextir voru mjög háir 2. maí 2008. Það munar verulega miðað við stöðuna í dag. Að greiða 2,5% grunnvexti í staðinn fyrir 0,5% munar 200.000 kr. á ári á 10 m.kr. láni. Þetta getur breytt því að tillagan sé hagstæð fyrir lántakandann yfir í að vera óhagstæð. En ef gert er ráð fyrir að það gengisviðmiðið ráði, en ekki nákvæm upphæð greiðslunnar í maí 2008, þá er þetta ásættanleg lausn til skamms tíma. Með henni gæti skapast rými til að ljúka þeim dómsmálum sem eru í gangi eða eru að fara í gang, þar sem ætlunin er að kljást um lögmæti gengistryggðra lána. Samtökin geta aftur ekki felst sig við þessa tilhögun sem endanlega lausn á viðfangsefninu. Krafa samtakanna er að varanleg leiðrétting á höfuðstóli verði að eiga sér stað.

Síðan má deila um hvort dagsetningin 2. maí 2008 sé rétt viðmiðun. Af hverju er þessi tímasetning valin? Hagsmunasamtök heimilanna sjá enga skýringu á þessari dagsetningu vera aðra en þá, að hún hefur verið í boði í nokkurn tíma. Bankarnir hafa allir boðið upp á greiðslujöfnun gengistryggðra lána sem miða við þessa dagsetningu. Það er því bara tilviljun en ekki efnahagsleg rök sem liggja þarna að baki. Hrun krónunnar hófst um miðjan mars. Af hverju er þá ekki miðað við 10. mars? Staða allra lána 31.12.2007 er þekkt í skattframtölum og ársreikningum. Af hverju er sú dagsetning þá ekki valin? Gegnsæi er ákaflega mikilvægt við svona ákvarðanir og því þarf að liggja fyrir af hverju miðað er við 2. maí 2008.

Hagsmunasamtök heimilanna lögðu til í febrúar að þeir sem vildu gætu snúið gengistryggðum lánum sínum yfir í verðtryggt íslenskt lán frá lántökudegi. Lánin yrðu síðan uppreiknuð samkvæmt vísitölu neysluverðs og tekið tillit til afborgana til 1. janúar 2008, en eftir það féllu lánin undir hatt annarra verðtryggðra lána. Þrátt fyrir miklar efasemdir um lögmæti gengistryggðra lána, þá hafa samtökin ekki skipt um skoðun í þessu efni. Þau leggja samt áherslu á, að velji lántaki slíka lausn eða einhverja aðra lausn sem mun standa til boða, þá afsali viðkomandi ekki betri rétti sem honum kynni að bjóðast sem niðurstaða af dómsmáli eða frjálsum samningi við lánastofnanir.

Að öðru leiti eiga sömu rök hér um greiðslujöfnunarvísitöluna og þau sem áður komu fram í umfjöllun um skammtímagreiðslubyrði verðtryggðra lána.

Langtímagreiðslubyrði lána með greiðslujöfnun

Hagsmunasamtök heimilanna geta ekki fallist á að greiðslujöfnunarvísitala verði notuð til að ákvarða greiðslubyrði verðtryggðra eða gengistryggðra lána til langframa. Samkvæmt útreikningum samtakanna felst í þessu gildra, þar sem telja á fólki trú um að verið sé að slaka eitthvað á innheimtuklónni, þegar ekkert slíkt er í gangi. Síðast þegar svona aðferð var notuð, þ.e. eftir kollsteypuna 1983, þá varð niðurstaðan sú að lántakendur borguðu allt í botn. Þessu hafa Landssamtök lífeyrissjóðanna áttað sig á og þess vegna lýsti framkvæmdastjóri samtakanna sig hlynntan tillögum ráðherra. Hann vissi sem var, að það fé sem heimtist ekki strax af fjalli kæmi í betri holdum síðar.

Hagsmunasamtök heimilanna vilja ítreka þá skoðun, að ekki verði nein sátt í samfélaginu, nema fólk fái fjárhagstjón sitt bætt. Samtökin skilja ekki þau rök, að sjálfsagt mál sé að verja sparnað fólks í peningainnistæðum, en gjörsamlega ómögulegt að verja sparnaðinn ef hann er í fasteignum fólks. Ekki má gleyma því að fólk mun þurfa að bera umtalsvert tjón

burt séð frá því hvað verður um stökkbreyttan höfuðstól lánanna. Margir fjárfestu í húsnæði, þegar verðið var á uppleið eða jafnvel hæstu stöðu. Það fólk mun þurfa annað hvort að sætta sig tapað eigið fé eða bíða þar til markaðurinn hefur rétt úr kútnum aftur eftir einhver ár. Fyrir þetta fólk er lækkun fasteignaverðs alveg nógu þungbær, þó svo að það þurfi ekki líka að bera óskipt það tjón sem glannaskapur fjármálafyrirtækja olli fólki. Krafa um leiðréttingu á stökkbreyttum höfuðstóli lána er því ófrávíkjanleg krafa að hálfu samtakanna.

Almennar aðgerðir - niðurstöður

Það er mat Hagsmunasamtaka heimilanna, að í tillögum ráðherra felist mikilsverð viðurkenning á þeirri kröfu að samtakanna, að þörf sé fyrir almennar aðgerðir til að leiðrétta stöðu heimilanna. Tillögurnar veita vissulega ákveðið skjól til skamms tíma, en allt bendir til að þau verði gerð brottræk úr skjólinu innan fárra ára. Líta má svo á að tillögurnar gefi fjármálafyrirtækjum ráðrúm til að skoða stöðuna betur og koma með alvöru úrræði fyrir heimilin. Í þessu samhengi vilja samtökin vekja athygli á ummælum talsmanns neytenda á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH) þriðjudaginn 29. september sl., sem sagði að hér væri um frestun á vandanum að ræða og innantómar tillögur.

Ráðherra hefur sagt að tillögurnar leggi vissan þrýsting á lánastofnanir að halda verðlagi stöðugu og verðlagsbreytingum í lágmarki. Með því hámarka þær væntanlega endurgreiðslu af lánunum. En eins og oft, þá eru fleiri en ein leið að hverju marki. Lánastofnanir geta einnig hámarkað væntanlega endurgreiðslu með því að stuðla að því, að verðlagsbreytingar verði alltaf minni en launabreytingar, þó svo að verðlagsbreytingarnar séu miklar. Lykillinn að hámarks endurheimtum lánveitenda felst því í kaupmáttaraukningu, ekki tiltekinni þróun verðlags.

Ráðherra hefur sagt fleira sem vekur upp ýmsar spurningar. Svo sem að hans fólk hafi verið að vinna í þessum tillögum frá því í sumar. Sé það rétt, þá telja samtökin að tími sé til kominn að skipta um mannskap í verkinu. Að það hafi tekið tvo eða þrjá mánuði að breyta fyrri greiðslujöfnunarúrræðum úr því að vera ekki með neitt þak á framlengingu lánstíma í að vera með 3 ára hámark á framlenginguna, er ekki góður vitnisburður um afköst starfsmanna vinnuhópsins. Nei, ráðherra verður að koma með trúverðugri skýringu. Samtökin vita svo sem hver skýringin er. Ráðherra tjáði fulltrúum þeirra það á fundi sunnudaginn 27. september. Lánastofnanir með bankana í fararbroddi höfnuðu afdráttarlaust fyrri tillögu vinnuhóps ráðherrans. Og hvorn hópinn er nú frekar hlustað á: Fjármálafyrirtæki sem nýbúin eru að leggja hagkerfið í rúst eða almenning sem bera þarf þungar klyfjar af hruninu? Jú, það er rétt, enn á ný kjósa stjórnvöld að setja hagsmuni fjármálafyrirtækja ofar hagmunum almennings.

Heimilin hafa þurft og eiga á næstu árum að bera fullan kostnað af hruninu. Ef það er ekki stökkbreyttur höfuðstóll lána og gríðarleg hækkun greiðslubyrði til langframa, þá eiga þau á meðan dregið er aðeins úr greiðslubyrðinni að bera 30-40% hærri skatta, ef eitthvað er að marka ný fram lagt fjárlagafrumvarp. Og sé það ekki nóg, þá á að egna þjóðfélagshópum saman á næstu árum, þar sem hækkun launa, t.d. kennara, verkafólks eða bankamanna, mun leiða til hækkaðrar greiðslubyrði lána.

Samtökin langar að leita í smiðju Þórólfs Matthíassonar, prófessor í hagfræði, sem sagði á áðurnefndum fundi, að vandamál fyrirtækjanna í landinu væri, að þrátt fyrir að rekstrarreikningur þeirra væri góður, þá væri efnahagsreikningur þeirra í ólagi. Sé þessi samlíking notuð, þá má segja að tillögur ráðherra séu tilraun til að rétta af rekstrarreikning heimilanna til skamms tíma, þ.e. þar til skattar hækka um áramót, en efnahagsreikningur þeirra er skilinn eftir sem rjúkandi rústir.

Meðan ekkert er gert til að rétta af efnahagsreikning heimilanna, þá eru þessar tillögur ófullnægjandi, þó vissulega sé eitthvað jákvætt í þeim. Það sem meira er, með tillögnum er heimilunum enn einu sinni sýnd langatöng og staðfestur sá grunur samtakanna, að það sé ætlun og eindreginn vilji stjórnvalda að heimilin í landinu eigi að fjármagna kennitöluflakkarabankana með fasteignum sínum. Þjóðnýta á heimili landsmanna og kóróna þannig getuleysi þriggja ríkisstjórna á einu ári til að gera eitthvað sem mark er á takandi fyrir heimilin í landinu. Ef þetta er réttlæti ríkisstjórnarinnar, biðja samtökin allar góðar vættir að forða okkur frá ranglæti hennar. Tillögur ráðherra eru ekkert annað en stríðsyfirlýsing.

Aðrar aðgerðir

Hagsmunasamtök heimilanna telja sig lítið geta sagt um aðrar aðgerðir. Þær hafa ekki verið mótaðar að nokkru viti. Lofað er ýmsu, en innihaldið er ekkert. Hvað þýðir: „Greiðslubyrði lánsins er sniðin að aðstæðum einstaklingsins en staðan er endurmetin síðar"? Hvernig á fólk sem er með tvo bíla að fara að því að losa sig við annan á þessum síðustu og verstu tímum? Hvað telst „hóflegt" húsnæði? Hvað verður gert við „óhóflegt" húsnæði? Hvað verður gert í málum þeirra sem sitja uppi með tvær eignir með fasteignamarkaðinn botnfrosinn? Gefin eru fyrirheit um „viðtækt samstarf allra aðila um skipulag aðgerða". Hverjir eru „allir aðilar"? Samtökin spyrja brennd af reynslunni, þar sem ekki virðast allir hafa sama skilning á hugtökunum „samstarf" og „samráð". Hagsmunasamtök heimilanna vilja t.d. sverja af sér nokkra þátttöku í mótun þeirra tillagna sem ráðherra lagði fram. Samtökin reikna með að það sama eigi við um aðra í ákallshópnum svo kallaða. Er það með ólíkindum, að stjórnvöld telja sig ekki þurfa að tala við þá sem gæta hagsmuna neytenda. Fundur, þar sem nokkurn veginn fullmótaðar tillögur eru kynntar, uppfyllir á engan hátt það sem venjulegt fólk flokkar undir samstarf eða samráð. En þar sem tillögurnar eru ekki ennþá komnar fram, þá gefst vinnuhópi ráðherra færi á að bæta úr þessu. Samtökin vonast til að hópnum beri gæfa til að nýta sér þann möguleika.

Aðrar aðgerðir - niðurstaða

Þar til að nánari lýsing á þessum aðgerðum liggur fyrir, þá er einfaldlega ekki hægt að taka afstöðu til þeirra.

Umsögn um eitt og annað í glærum ráðherra

Það vill brenna við, að þegar innihaldsrýrar tillögur eru settar fram, þá fylgi þeim mikið orðskrúð. Í kynningargögnum ráðherra má lesa ýmislegt, sem fær engan stuðning í tillögnum sjálfum. Svo sem:

- **Endurskipulagning skulda er forsenda fyrir viðreisn efnahagslífsins:** Hagsmunasamtök heimilanna taka heilshugar undir þessa staðhæfingu, en sjá ekkert í tillögum ráðherra sem ætlað er að stuðla að þessu. Hvað felst í hugtakinu „endurskipulagning skulda"? Á Wikipedia er gefin upp eftirfarandi skilgreining: „**Debt restructuring** is a process that allows a private or public company - or a sovereign entity - facing cash flow problems and [financial distress](#), to reduce and renegotiate its delinquent debts in order to improve or restore liquidity and rehabilitate so that it can continue its operations." Þetta snýst sem sagt um að lækka eða endursemda um skuldir. Tillögur ráðherra hvað varða stærstan hluta almennings líta alveg framhjá fyrri þættinum. Þær ganga fyrst og fremst út á að tryggja að heimilin borgi upp í topp það sem fjárglæfrabankarnir höfðu af þeim með svikum sínum og stöðutöku.
- **Tímabært og rétt:** Ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Fyrst er það að nefna, að lítið er nýtt í tillögum ráðherra, þannig að erfitt er að heimfæra „tímabært og rétt" upp á tillögurnar. Auk þess eru tillögurnar mikil óvissuferð. Tveir þriðju eru uppsláttur á

orðum án nokkurs stuðnings. Það sem er þó mótað er eins og rússnesk rúlletta, þar sem heimilin fá fyrst að æfa sig án þess að nokkur kúla sé í byssunni. Svo eftir 3-4 ár, þá verður ein kúla hlaðin og alltaf bætt við fleirum með jöfnu millibili. Til langs tíma litið er ekkert „rétt“ við þessar tillögur.

- **Tækifæri fyrir alla til að endurskipuleggja fjármál sín á skynsamlegan hátt:** Í fyrsta lagi, þá á eftir að koma fram útfærsla á tveimur seinni liðum aðgerðaáætlunar ráðherra. Um 20% þjóðarinnar er því ennþá í fullkominni óvissu. Fyrir hina er ekkert í tillögunum sem gefa öðrum tækifæri „til að endurskipuleggja fjármál sín á skynsamlegan hátt“. Heimilunum er í besta falli gefið svigrúm til að undirbúa sig fyrir eignarupptökuna/þjóðnýtinguna sem mun bara eiga sér stað síðar. Engu er létt af heimilunum. Ekkert er gert til að liðka til með fasteignaviðskipti eða bílaviðskipti. Heimilin eru alveg jafnt með bakið upp við vegginn. Nei, hér er lítið svigrúm gefið og hvað er 13% lækkun greiðslubyrði, þegar fjárlögin gera ráð fyrir 60 þúsund króna mánaðarlegri hækkun skatta heimilanna.
- **Markmið: að léttu greiðslubyrði:** Í almenna hluta tillagna ráðherra er vissulega létt tímabundið á greiðslubyrði lána, en lántakendum verður mjög líklega refsað fyrir það síðar með mun hærri greiðslubyrði miðað við stöðu höfuðstóls en við núverandi aðstæður. Það er ekki nema fyrir sérfróða að skilja nákvæmlega hvernig þetta virkar. Inn í aðferðinni er falin fátækragildra, hvati til svartrar atvinnustarfsemi og líkur á ósætti milli hópa launþega, þar sem launahækkunar hjá einum hópi mun leiða af sér hækkun greiðslubyrði lána hjá öllum. Launaþróun mun því taka við af verðlagsþróun sem stærsti óvinur lántakandans.
- **Markmið: að leiðrétta misgengi lána, launa, verðlags og gengis krónunnar:** Hér er slegið fram atriðum sem ekki standast. T.d. mun misgengi launa og gengis krónunnar ekkert leiðréttast með þessari aðferð. Það er og mun aldrei verða bein tenging á milli og launa og gengis krónunnar meðan laun eru ekki greidd út í erlendri mynt. Einnig eru ekki bein tengsl á milli höfuðstólsstöðu lánanna og launa. Hér er því verið að þyrlla upp ryki. Nei, það er verið að stuðla að misgengi, ekki leiðrétta það.
- **Markmið: að eyða óvissu:** Þetta er líklegast versta þversögnin í kynningu ráðherra. Staðreyndin er að óvissan eykst. Lántakendur hafa ekki hugmynd um hvernig afborganir munu vinna á höfuðstóli lána sinna, þar sem upphæð afborgunarinnar ræðst að greiðslujöfnunarvísitölu meðan staða höfuðstóls ræðst af þróun vísitölu neysluverðs. Það sem meira er, flækjustigið eykst svo mikið, þar sem í staðinn fyrir eina flókna fjármálaafurð er lántakendum ætlað að glíma við tvær. Það litla gegnsæi sem var fyrir er fjarlæggt og nú getur varla nokkur maður áttað sig á því hver þróun lána þeirra verður. Einnig er lántakendum gefið undir fótinn með að hugsanlega, kannski, einhvern tímann í framtíðinni, gæti það gerst að hluti höfuðstóls lánanna verði afskrifaður. Hvernig er hægt að meta upphæð áhvílandi lána við sölu? Hver fær afskriftina að lokum, sá sem lenti í tjóninu eða sá sem kaupir eignina síðar? Þær eru fleiri spurningarnar, en þessar tvær sýna best að óvissan er aukin með tillögum ráðherra um greiðslujöfnun lána.
- **Markmið: að gæta jafnræðis, hófsemi og sanngirni:** Hvað kemur hófsemi þessum aðgerðum við? Ekki neitt. Nema vísað sé til hófsemi í því að láta þá, sem ollu skaðanum, taka ábyrgð á gjörðum sínum og bera réttlátan hluta skaðans. Eina jafnræðið sem felst í tillögum ráðherra er að allir húsnæðiseigendur eiga að vera jafn illa settir. Áfram er haldið að mismuna sparnaðarformum, en á meðan innstæður upp á um 1.170 milljarða voru varðar upp í topp á kostnað skattgreiðenda og kröfuhafa, þá eiga húsnæðiseigendur að bera sitt tjón. Sanngirni ráðherra er með því líkum eindæmum, að samtökin vona að þau þurfi aldrei að líða ósanngirni af hálfu ráðherrans. Það er nákvæmlega engin sanngirni fólgin í því, að fjármálafyrirtæki eigi að komast um með hina ótrúlegu eignaupptöku sem felst í stökkbreyttum höfuðstóli húsnæðis- og bílalána. Ef ráðherra er að stæra sig af sanngirni, þá væri nær að bjóða strax leiðréttingu, ekki hugsanlega, mögulega,

kannski leiðréttingu þremur árum eftir lok lánstímans. Auk þess hafa samtökin fréttir af því, að eignaleigufyrirtæki hafi tilkynnt viðskiptavinum, að það verði ekkert gefið eftir. Annað hvort verði lánið greitt upp eða bílinn hirtur.

- **Markmið: að stuðla að sátt í samfélaginu:** Það er mat Hagsmunasamtaka heimilanna, að engin sátt muni nást með tillögum ráðherra. Samtökin telja þær frekar vera stríðsyfirlýsingu, en tilraun til sáttargerðar. Ef ráðherra heldur virkilega, að staðfesting á eignaupptökunni geti leitt til sáttar, þá ætti hann að hugsa um að fá sér nýtt starf. Tillögurnar eru ögrun við það fólk sem hefur mátt sjá eigið fé íbúða sinna brenna upp vegna stökkbreytingar á höfuðstóli lána. Húsnæðiseigandi, sem átti 80% eigið fé í 40 m.kr. eign fyrir tveimur árum, hefur þurft að sjá eigið féð minnka af tveimur ástæðum. Önnur er vegna um 20-30% lækkunar á fasteignaverði og við því er ekkert að gera. Hin er vegna stöðutöku fjármálafyrirtækja gegn hagsmunum viðskiptavina sinna. Lánið sem stóð í 8 milljónum fyrir tveimur árum er komið í um 10,4 m.kr. hafi viðkomandi verið með verðtryggt lán. Miðað við 25% lækkun fasteignaverðs hefur þessi aðili mátt horfa upp á eigið fé sitt fara úr 32 m.kr. í 19,6 m.kr. Hafi lánið verið gengistryggt, þá er ekki ólíklegt að höfuðstóll þess hafi hækkað í 16-20 m.kr. og eigið féð væri því komið niður í 10 - 14 m.kr. Heldur ráðherra virkilega að um þetta geti skapast sátt?

Eins og sést á þessari upptalningu, þá standast stóru orðin sjaldnast. Þetta á eins og áður fyrst og fremst við almennu aðgerðirnar, þar sem annað er ekki tilbúið og því munu samtökin bíða með að fjalla um markmið sértæku aðgerðanna, breytingar á lögum um Íbúðalánasjóð og endurbætur á opinberri greiðsluáðlögun, uns þær aðgerðir liggja fyrir.

Kröfur Hagsmunasamtaka heimilanna

Hagsmunasamtök heimilanna hafa sett fram einfaldar og skýrar kröfur um leiðréttingu á stökkbreyttum höfuðstóli húsnæðislána (ættu líka að geta gilt um bílalán) og um breytingar á lánakerfinu. Kröfur samtakanna eru sem hér segir:

1. Að boðið verði upp á að gengistryggðum lánum verði breytt í verðtryggð krónulán frá lántökudegi.
2. Verðtryggð lán (og þar með hin breyttu lán í lið 1) taki 4% þak á árlegar verðbætur frá 1. janúar 2008.
3. Áfnám verðtryggingakerfis lána, en samhliða þarf að setja hámark á nafnvexti.
4. Jöfnuð verði ábyrgð lántakenda og lánveitenda á sveiflum eða ójafnvægi í hagkerfinu.
5. Veð takmarkist við veðandlag.

Samtökin telja að fyrir þessum aðgerðum megi færa margs konar rök. Án þess að fara nánar út í þann rökstuðninginn að stöddu, má skipta rökunum í:

- lagaleg
- viðskiptaleg
- siðferðileg
- efnahagsleg
- félagsfræðileg og
- pólitísk

Með þessari greinargerð fylgir ítarefni. Þar er m.a. að finna greinina *Aðeins tvær leiðir færar: Leiðrétting núna eða afskriftir síðar* eftir Marinó G. Njálsson, stjórnarmann í Hagsmunasamtökum heimilanna. Þar fjallar hann í stuttu máli um fjögur fyrstu atriðin.

Niðurstöður - samantekt

Hagsmunasamtök heimilanna telja að tillögur félagsmálaráðherra um aðgerðir til

leiðréttingar greiðslubyrði og aðlögun skulda heimilanna vera ófullnægjandi. Samtökin virða þann vilja ráðherra að stuðla að tímabundinni almennri lækkun greiðslubyrði lána, en telja að ólíklegt sé að fyrirheit um mögulega leiðréttingu/afskrift í lok lánstímans standist. Tenging greiðslubyrði við greiðslujöfnunarvísitölu er lymskuleg aðferð til að tryggja að lánveitendur tapi engu. Það sem meira er, heildargreiðslubyrði mun aukast umtalsvert.

Samtökin sjá ekki að tillögur ráðherra uppfylli á nokkurn hátt, þau markmið sem sett eru fram í kynningarefni ráðherrans, svo sem að leiðrétta misgengi lána, launa, verðlags og gengis krónunnar, að eyða óvissu, að gæta jafnræðis, hófsemi og sanngirni og að stuðla að sátt í samfélaginu. Tillögurnar eru stríðsyfirlýsing, ekki sáttargerð.

Samtökin telja, að tillögur ráðherra séu staðfesting á ótta samtakanna, sem birtist í yfirlýsingu í febrúar, að heimilum landsins sé ætlað að fjármagna nýtt fjármálakerfi með eignum sínum.

Samtökin telja, að með tillögunum hafi ráðherra staðfest að í landinu gildi tvenn lög. Lög fjármagnseigenda og fjármálafyrirtækja og lög skuldara. Þorgeir Ljósveitningagoði áttaði sig á því fyrir 1009 árum, að slíkt væri ekki vænlegt til árangurs, er hann sagði: „Ef vér slítum í sundur lögin, slítum vér og í sundur friðinn.“ Hér verða að gilda ein lög, sem gæta sanngirnis, réttlætis, jafnræðis og hófsemi.

Að mati samtakanna koma tillögur ráðherra á engan hátt til móts við húsnæðiseigendur, þegar kemur að því að létta á þeirri stöðu sem er á fasteignamarkaði. Meðan höfuðstóll lána er ekki leiðréttur og óvissa ríkir um hvort nokkuð komi til slíkrar leiðréttingar, þá er erfitt að eiga í viðskiptum með fasteignir. Án leiðréttinga á höfuðstól veðlána er geta fólks til fjárfestinga skert verulega og sá hópur stækkar ört sem er með yfirveðsettar eignir, sökum þess að verð eigna fellur og höfuðstóll lána hækkar stöðugt. Fólk getur hvorki stækkað eða minnkað við sig. Það er bundið í nokkurs konar átthagafjötra. Allt vegna þess að lánveitendur skulu fá sín stökkbreyttu lán að fullu endurgreidd. Tímabundin aukin greiðslugeta mun innan fárra ára hverfa með hækkun greiðslubyrði tengdri greiðslujöfnunarvísitölu. Hvorki er tekið á rót vandans né höfðað til ábyrgðar fjármálastofnana á stöðugleika. Samtökin sjá ekki hvernig tillögur ráðherra geti orðið grunnur að viðreisn efnahagslífsins.

Hagsmunasamtök heimilanna skora á félagsmálaráðherra og stjórnendur fjármálafyrirtækja að setjast niður með fulltrúum neytenda og ræða alvöru lausn á skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Samtökin vilja minna á, að heimilin eru ekki óvinurinn. Hagsmunir aðila fara saman.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa í 8 mánuði leitað eftir samstarfi við fjármálafyrirtæki og stjórnvöld um lausn á stöðu heimilanna. Já, samtökin auglýsa eftir samstarfi, ekki kynningarfundum. Í 8 mánuði hafa samtökin verið hunsuð. Nú hefur það leitt til þess að greiðsluverkfall hófst 1. október og stendur að óbreyttu til 15. október. Höfum hugfast að heimilin eru viðskiptavinir fjármálafyrirtækjanna og fyrirtækjunum ætti að vera í mun að viðhalda viðskiptasambandinu. Ef það er ekki næg ástæða til að setjast niður og ræða saman um lausnir, þá vita samtökin ekki hvað þarf til. Dugi yfirstandandi greiðsluverkfall ekki til að ná fram réttlæti, sanngirni og jafnrétti, eins og ráðherra ber sér á brjósti með, þá verða frekari aðgerðir boðaðar.

Heimilin í landinu eru ekki botnlaus sjálftökusjóður fyrir fjármálafyrirtæki og stjórnvöld. Þeim ber ekki að borga fyrir glannaskap fjármálafyrirtækjanna eða mistök í hagstjórn og þau munu ekki gera það.

www.heimilin.is

